# Fundargerð

226. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra

Haldinn í Laxdalshúsi á Akureyri miðvikudaginn 2. nóvember 2022

**Dagskrá:**

1. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa
2. Nýr framkvæmdastjóri HNE
3. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
4. Starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits
5. Fjárhagsáætlun ársins 2023
6. Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits.
7. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)
8. Bandormahreinsun hunda
9. Tilnefning í vatnasvæðanefnd
10. Umsagnir:
11. Umsóknir um starfsleyfi
12. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE
13. Önnur mál

## 1. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa

Á aukaþingi SSNE þann 23. september sl. var eftirfarandi tilnefning í Heilbrigðisnefnd Norðurlands Eystra samþykkt.

*Aðalmenn:*

*Helgi Haraldsson, Akureyrarbæ*

*Málfríður Stefanía Þórðardóttir, Akureyrarbæ*

*Stefán Haukur Grímsson, Norðurþingi*

*Anna Karen Úlfarsdóttir, Svalbarðsstrandarhreppi*

*Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Langanesbyggð*

*Varamenn:*

*Andri Teitsson, Akureyrarbæ*

*Hannesína Scheving, Akureyrarbæ*

*Ásta Hermannsdóttir, Norðurþingi*

*Jóhanna María Oddsdóttir, Hörgársveit*

*Arna Hjörleifsdóttir, Þingeyjasveit*

*Fulltrúi atvinnurekenda í er Kristín Halldórsdóttir og hennar varamaður er Sigurgeir Höskuldsson*

Ný heilbrigðisnefnd er boðin velkomin starfa. Lögð var fram tillaga um að Helgi Haraldsson taki að sér formennsku í nefndinni og var hún samþykkt samhljóða. Starfsmenn og nefndarmenn kynntu sig og fyrri störf.

## 2. Nýr framkvæmdastjóri HNE

Alferð Schiöth lét af störfum sem framkvæmdastjóri HNE í lok ágúst sl. og hóf töku lífeyris skv. 95 ára reglunni svo kölluðu. Leifur Þorkelsson tók við starfi framkvæmdastjóra í byrjun október.

***Heilbrigðisnefnd þakkar Alferð áratuga starf í þágu heilbrigðis- og umhverfiseftirlits á svæðinu og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Jafnframt er Leifur boðinn velkominn til starfa.***

## 3. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar 225. fundar og var hún samþykkt.

## 4. Starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits

Leifur Þorkelsson fór yfir helstu lög og reglugerðir er varaða starf heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits.

Rætt var um umboð heilbrigðisnefndar til þess að heilbrigðisfulltrúum verði falið að gefa út starfsleyfi, áður en þau eru lögð fram og staðfest á fundum heilbrigðisnefndar. Festa þarf þetta form í sessi í stofnsamningi.

Aðilar sem tilnefndir voru til setu í heilbrigðisnefnd kalla eftir erindisbréfi frá SSNE.

## 5. Fjárhagsáætlun ársins 2023

Leifur Þorkelsson kynnti fjárhagsáætlun vegna ársins 2023. Áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaðarliðir hækki um 9,93% á milli ára. Lagt til að upphæðir í gjaldskrá hækki í samræmi við það.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun og þá liði sem ekki höfðu verið hækkaðir undanfarin ár m.t.t. raunkostnaðar.

Ekki er gert ráð fyrir neinum eignabreytingum hjá HNE á næsta ári og því ekki lögð fram eignabreytingaáætlun

Heilbrigðisnefnd lagði til að næsta ár yrði notað til að einfalda gjaldská og samræma á milli heilbrigðiseftirlitssvæðana á landsvísu.

***Fjárhagáætlunin samþykkt samhljóða sem og tillaga að upphæðum í gjaldskrá***

## 6. Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits.

Tillaga að uppfærðum samstarfssamningi hefur verið send út til sveitarfélagana til meðferðar. Stefnt er að því að tillagan verði samþykkt á aukaþingi SSNE þann 2. desember næstkomandi.

***Lagt fram til kynningar***

## 7. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)

Aðalfundur SHÍ fór fram þann 20. október sl. Leifur Þorkelsson og Helgi Haraldsson sátu fundinn fyrir hönd HNE.

Fram kom að ný reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur sem taka á gildi þann 15. nóvember nk. var mikið rædd á þinginu og tilhögun skráningar sem verður í gegn um Ísland.is

***Skýrsla stjórnar SHÍ og ársreikningur voru lögð fram til kynningar***

## 8. Bandormahreinsun hunda

Við eftirlit dýralækna við sauðfjárslátrun nú í haust hafa fundist sullir *vöðvasulls (Taenia ovis) í sláturfé frá nokkrum bæjum á Austur- og Norðurlandi. Þetta eru vond tíðindi og merki þess að sóttvaranaraðgerðir gegn útrýmingu sulla séu að bila.*

*Umræða var um að eigendur hunda geti sjálfir nálgast ormahreinsilyf án aðkomu dýralækna.*

***Heilbrigðisnefnd minnir á að skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 að eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Þá er skylt að láta ormahreinsa hunda á býlum þar sem búrekstur er stundaður að lokinni sláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert. Nefndin gerir þá kröfu að eigendur og umráðamenn hunda fari eftir þessu reglugerðarákvæði. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að dýraeftirlit sveitarfélaga gangi eftir því að allir hundar séu skráðir hjá sveitafélagi og ormahreinsaðir og að vottorð séu lögð fram sem staðfesta það.***

## 9. Tilnefning í vatnasvæðanefnd

Umhverfisstofnun óskaði með bréfi dagsettu 7. október sl. eftir fulltrúa frá heilbrigðisnefndum í vatnasvæðanefnd.

***Heilbrigðinefnd samþykkir að tilnefna Leif Þorkelsson til*** *setu* ***í vatnasvæðanefnd fyrir vatnasvæði 2***

## 10. Umsagnir:

1. Umsögn til skipulagsstofnunar, Þingeyjarsveitar og Norðurþings vegna lagningar Jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu.

2. Umsögn vegna tímabundinnar aukningar á losun þéttivatns í Dallæk við Kröflu.

3. Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5 á Húsavík.

4. Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss að Lóni í Kelduhverfi.

5. Umsögn um undanþágu frá reglugerð um fráveitur og skólp 798/1999 að beiðni Rifós hf. Í Kelduhverfi.

6. Umsögn vegna vinnslutillögu Þingeyjarsveitar vegna breytingar á aðalskipulagi 2010-2022, Skilgreining á frístundabyggð Við Skóga í Fnjóskadal.
7. Umsögn vegna skipulags og matslýsingar á deiliskipulagi Hóla og Lauta við Laugar í Reykjadal.
8. Umsögn HNE eftir skoðun á starfsemi landsvirkjunar í Kröflu á Þeistareykjum og í Laxárstöð.
9. Umsögn um tillögu að breyttu deiliskipulagi við Síðuskóla á Akureyri

*Jóhannes Haukur Hauksson, heilbrigðisfulltrúi skýrði nánar út liði nr. 2. og 5. í umsögnum.*

## 11. Umsóknir um starfsleyfi

1. Vallakot Kt:010462-2359 útiræktun á grænmeti í Reykjadal. ***Samþykkt til 12 ára***
2. Þórdís Þórisdóttir Kt: 241181-2949 Ljósavatn Guesthouse. ***Samþykkt til 12 ára***
3. Vatnajökulsþjóðgarður kt.441007-0940 ,Vatnsveita við Gljúfrasofu – Ásbyrgi ***Samþykkt til 12 ára***
4. Sjóferðir Arnars Kt:610498-2569 Gisting í flokki II , íbúðir ***Samþykkt til 12 ára***
5. Vatnajökulsþjóðgarður Kt: 441007-0940 dreyfing á seyru á Ássandi Kelduhverfi. ***Samþykkt***
6. Yggla leigufélag Kt: 640419-1990 gististaður í flokki II, Garðarsbraut 12 Húsavík. ***Samþykkt til 12 ára***
7. Orkan ehf. Kt. 680319-0730, Kaupangi v/Mýrarveg, 600 Akureyri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti ***Samþykkt til 12 ára***
8. Orkan ehf. Kt. 680319-0730, Kjarnagötu, 600 Akureyri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti ***Samþykkt til 12 ára***
9. Orkan ehf. Kt. 680319-0730, Furuvöllum 17, 600 Akureyri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti ***Samþykkt til 12 ára***
10. Orkan ehf. Kt. 680319-0730,Hörgárbraut , 603 Akureyri, Þjónustustöð með eldsneyti og innpökkuð matvæli ***Samþykkt til 12 ára***
11. Lexify ehf. Kt. 480622-0300, Tryggvabraut 24, 203, 600 Akureyri, gististarfsemi í flokki 2 ***Samþykkt til 12 ára***
12. Marín Rut Karlsdóttir kt. 201195-2849, Garðarsbraut 39, 640 Húsavík, rekstur snyrtistofu ***Samþykkt til 12 ára***
13. Austur Berlin kt. 681015-4180, Skipagata 4, 600 Akureyri, Veitingastaður ***Samþykkt til 12 ára***
14. BV fasteignir ehf. Kt. 440821-1030, Kotra 11, Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri, útleiga á íbúð ***Samþykkt til 12 ára***
15. Dondi ehf. Kt. 621117-1650, Héðinsbraut 4, 640 Húsavík, Smásala á áfeng ***Samþykkt til 12 ára***
16. Dalverk ehf. 420309-0230, Malarvinnsla í landi Ytra-Hvarfs í Dalvíkurbyggð ***Samþykkt til 12 ára***
17. Elías Bergmann Valgeirsson, kt. 100699-2229, Dvergagili 3, 603 Akureyri, ræktun smájurta (Microgreens) ***Samþykkt til 12 ára***
18. Ís og kaffi ehf. Kt. 580313-1240, Geislagötu 10, 600 Akureyri, matsöluvagn ***Samþykkt til 12 ára***
19. Bruggsmiðjan Kaldi ehf. 541205-1520, Hótel Kaldi, Sjávargata 6, 621 Dalvík, gististaður og kaffihús ***Samþykkt til 12 ára***

20. Norðurorka hf. kt. 550978-0169, Vatnsveita úr Vaðalaheiðargöngum til Skógarbaða ***Samþykkt til 12 ára***
21. Eignir og umsýsla ehf. Kt. 510313-0460, Smáratún 3 og 5, 606 Akureyri, rekstur gistiheimilis og sumarbústaða ***Samþykkt til 12 ára***
22. Hótel Norðurland ehf. kt. 441011-0830, Geislagata 7, 600 Akureyri, sala á veitingum og gistingu ***Samþykkt til 12 ára***
23. Gabriela Paz Bustamante Ojeda kt. 270392-4589, Hjalteyri, 604 Akureyri, tattoo og varanleg förðun ***Samþykkt til 12 ára***
24. Syðra Holt ehf. Kt. 610820-0850, Félagsheimilið Rimar, 621 Dalvík, verkun og pökkun á grænmeti ***Samþykkt til 12 ára***
25. Kraftlyftingafélag Akureyrar kt. 631080-0309, Hjalteyri, 604 Akureyri, íþróttastarf ***Samþykkt til 12 ára***
26. Smiðjan Sjúkraþjálfun ehf. kt, 580315-0540, Vallholtsvegi 8, 640 Húsavík, sjúkraþjálfun ***Samþykkt til 12 ára***
27. Samkaup hf. Kt. 571298-3769, Reykjahlíð, 660 Mývatn, Krambúðin matvöruverslun ***Samþykkt til 12 ára***
28. Samkaup hf. Kt. 571298-3769, Garðarsbraut 64, 640 Húsavík, Nettó matvöruverslun ***Samþykkt til 12 ára***
29. Efling sjúkraþjálfun ehf. kt. 591295-2689, Íþróttamiðstöðin, 610 Greinivík, sjúkraþjálfun ***Samþykkt til 12 ára***
30. Fincafresh ehf. kt. 421121-0790, Lækjarvellir 1a, 604 Akureyri, heildverslun með ávexti ***Samþykkt til 12 ára***
31. AK Hestaferðir ehf. Kt. 450922-2420, Gásir, 604 Akureyri, hestaleiga og reiðskóli ***Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt***
32. Margrét Dóra Eðvarðsdóttir kt. 030263-3409, Skógarlundi, 600 Akureyri, daggæsla ***Samþykkt til 12 ára***
33. Bylgja Steingrímsdóttir kt. 290867-3129, Akurgerði 3e, 600 Akureyri, daggæsla ***Samþykkt til 12 ára***
34. Atlantsolía ehf. Kt. 590602-3610, Glerártorg, 600 Akureyri, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti ***Samþykkt til 12 ára***
35. Katrín Mist Haraldsdóttir kt. 050389-2949, Skarðshlíð 18, 603 Akureyri, dansskóli. ***Starfsleyfi veitt til 1. júní 2023 í samræmi við umsókn***
36. Hótel Natur Akureyri ehf. Kt. 680422-0280, Þórisstaðir 4, 606 Akureyri, hótel (sala á veitingum og gistingu í flokki IV ) ***Samþykkt til 12 ára***
37. Alkemia ehf. Kt. 610297-2349, Helgafelli, 606 Akureyri, sala á gistingu í flokki II ***Samþykkt til 12 ára***
38. Alkemia ehf. Kt. 610297-2349, Helgafelli, 606 Akureyri, jógasalur og meðferðarherbergi ***Samþykkt til 12 ára***
39. Goblin ehf. kt. 470121-0410, Strandgata 23, 600 Akureyri, skammtímaleiga á íbúð ***Samþykkt til 12 ára***
40. Akureyrarbær. kt. 410169-6229, tímabundið starfsleyfi til að rífa fasteignina Lundeyri við Krossanesbraut (F2148468) ***Samþykkt***
41. Regla Karmelsystra GHJ. Kt. 410601-3380, Álfabyggð 4, 600 Akureyri, daggæsla
42. MF ehf. kt. 650422-0900, Brekkugötu 17 , 600 Akureyri. Veitingastaður ***Samþykkt til 12 ára***
43. Akureyrarapótek ehf. kt. 690610-1320, Kaupangi v/Mýrarvegi, 600 Akureyri, apótek ***Samþykkt til 12 ára***
44. Skútaís ehf. 550419-1490, Álftagerði, 660 Mývatn, sala á gistingu í 3 svefnherbergjum með sameiginlegu baðherbergi og eldunaraðstöðu ***Samþykkt til 12 ára***

45. K6 veitingar ehf. 620310-0850 Framleiðsla og sala á sushi í verslun Krónunnar við Tryggvabraut á Akureyri ***Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt***
46. Krónan ehf. 711298-2239, Tryggvabraut 8, 600 Akureyri, matvöruverslun ***Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt***
47. Halldór Ólafsson ehf. 440190-1629, Glerártorgi, 600 Akureyri, húðgötun í eyru ***Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt***
48. Dalvíkurbyggð kt.620598-2089, Svarfaðarbraut 34, 620 Dalvík, Sundlaug, íþróttahús og líkamsræktaraðstaða. ***Samþykkt til 12 ára***
49. Efling Sjúkraþjálfun ehf. kt.591295-2689, Kaupangi v/Mýrarveg ,Sjúkraþjálfun ***Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt***

## 12. Starfsleyfistillögur til kynningar á heimasíðu HNE

1. Terra umhverfisþjónusta hf. kt. 410283-0349, Réttarhvammi, 603 Akureyri, rekstur gámavallar við Réttarhvamm
2. Sæplast Iceland hf. Kt. 560600-2240, Gunnarsbraut 12, 620 Dalvík, framleiðsla á kerum og byggingarvörum úr plasti.
3. Höfði ehf. Kt. 630888-1589, Tryggvabraut 5, 600 Akureyri, Þvottahús og efnalaug.

***Heilbrigðisnefnd samþykkir að ofantalin starfsleyfi verði gefin út að umsagnarfresti liðnum, nema athugasemdir sem kunna að berst við tillögurnar gefi tilefni til annars.***

## 13. Önnur mál

Rætt var um að gera samantekt varðandi aðgerðir til að reyna að gera ferlið við álímingu á bíla og lausamuna og geymslu þeirra skilvirkara

Rætt var um rotþrær og staðsetningu þeirra og aðkomu heilbrigðiseftirlits og byggingafulltrúa sveitafélaga.

Stefnt er að því að næsti fundur heilbrigðisnefndar verði fjarfundur þann 14. desember nk.